

Til menntamálanefndar Alþingis.

Alþingi
Erindi nr. P 136/924
komudagur 24. 2. 2009

Íslensk málstefna, 198. mál

Tilfni þessa tölvupósts er að undirritaður kom auga á að málið er til umfjöllunar í menntamálanefnd á morgun, 25. febrúar og er umsagnarfrestur um málið liðinn.

Vakin er athygli menntamálanefndar á því að málið var ekki sent Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, einstökum sveitarfélögum eða samtökum starfsmanna skólaskrifstofa til umsagnar þrátt fyrir að bæði leikskólar og grunnskólar séu reknir á ábyrgð sveitarfélaga. Hér hlýtur að vera um mistök að ræða.

Sambandið hefur því ekki haft tíma til að leggja í vinnu við að gera umsögn um málið. Hið sama á væntanlega við um ýmsa aðra aðila sem tengjast þessum skólastigum.

Undirritaður telur ástæðu til að gera athugasemd við tillögu um að setja viðmið um hlutfall erlendra starfsmanna á hverri deild á leikskólum og kunnáttu þeirra í íslensku. Ekkert hefur verið rætt um það á vettvangi sambandsins að þörf sé á slíkum reglum. Á undanförunum árum hefur starfsmönnum sem hafa annað móðurmál en íslensku vissulega fjölgað mjög á leikskólum og hefur þetta starfsfólk almennt reynst vel. Ástæða fjölgunarinnar er m.a. lítið framboð af menntuðu starfsfólki.

Að öðru leyti getur sambandið tekið undir flest þau atriði sem fram koma í málstefnunni varðandi móðurmálskennslu. Ljóst er að tækifæri er til að bæta móðurmálskennslu bæði við endurskoðun aðalnámskrár fyrir leikskóla og grunnskóla og við breytingar á skipulagi kennaranáms. Sérstaka athygli vekur hve hiutfail móðurmálskennslu í grunnskólum á Íslandi er lágt í samanburði við nágrennalönd.

F.h. Sambands Íslenskra sveitarfélaga,
Guðjón Bragason